



Reykjavík

# Stöðutaka á aðgerðum

## ársins 2023

samkvæmt aðgerðaráætlun  
atvinnu- og nýsköpunarstefnu





# 1

## Sameiginlegur skilningur

> Virkara samtal og aukin upplýsingamiðlun á milli Reykjavíkurborgar og atvinnulífsins

1. Efna til samráðspings/atvinnulífsdaga þar sem borgin og atvinnulífið ræða saman um áskoranir og tækifæri.



Vel heppnaður Atvinnulífsfundur haldinn í Höfða með 30 þátttakendum. Forysta atvinnulífs og borgar hittust og ræddu Samkeppnishæfni Reykjavíkur.

1. Bæta miðlun til atvinnulífs, fyrirtækja og frumkvöðla um þróun borgarinnar, framkvæmdir og áætlanir.



Þau fyrirtæki sem hafa óskað eftir fundum um lóðir hafa fengið fund, samstarfi við ferðaþjónustugeirann hefur verið eflt í gegnum fasta fundi með Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og SAF, klasasamstarf eflt og samtal við nýsköpunarfyrirtæki eflt með því að bjóða fyrirtækjum að koma og kynna sig.

1. Skilgreina fyrsta snertipunkt innan borgarinnar fyrir fyrirtæki sem vilji hefja starfsemi í borginni, stækka eða þróast.



Fyrsti snertipunktur fyrir fyrirtæki er Athafnaborgin, unnið er að rafrænni gátt.

[Athafnaborgin@reykjavik.is](mailto:Athafnaborgin@reykjavik.is)



## Atvinnulífsfundur

Atvinnulíf, háskólasamfélag, formenn klasa, oddvitar meirihluta borgarinnar, verkalýðsfélög og embættismenn ræddu hvað þurfi að huga að til að efla samkeppnishæfni Reykjavíkur.

Vettvangur til að ræða stór sameiginleg verkefni.

Mjög jákvæð upplifun samkvæmt þáttökukönnun.

Áhugi til að funda aftur saman sem hópur – flestir vildu funda tvisvar á ári.

Lýst sem flottu framtaki og vel heppnuðum fundi. Gott upphaf á samtali.







# Forgangsráðið verkefnum!





## 2

### Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar

- > Eflum nýsköpunarmenningu hjá Reykjavíkurborg
- > Betri þjónusta Reykjavíkurborgar
- > Traustir og skilvirkir innviðir

1. Styðja við Iceland Innovation Week til að auka aðgengi og sýnileika nýsköpunar þvert á atvinnugreinar og borgarkerfi. Búa til þverfaglegan starfshóp innan borgarinnar sem skipuleggur þátttöku borgarinnar til að bæta þekkingarmiðlun, stuðning við nýsköpun og til að koma góðum sögum á framfæri.
2. Skilgreina að í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar verði tilgreint að 0,5%-2% af fjárheimildum starfseininga verði varið til umbóta- og nýsköpunarverkefna.
3. Endurskoða umgjörð innkaupamála með það að markmiði að skapa tækifæri fyrir fleiri aðila.
4. Bæta þjónustu við fyrirtæki með rafrænum umsóknarferlum.



Mikill áhugi hjá gestum Iceland Innovation Week á því hvernig Reykjavíkurborg nýtir nýsköpun í þjónustuframboði sínu. Vel heppnuð þátttaka 2023. Aðkoma borgarinnar að hátíðinni í ár er í mótun.



Höfum kallað eftir upplýsingum frá FAS um framgang aðgerðar.



Samtal í gangi en nauðsynlegt að móta betur hjá innkaupadeild.




Byggingaleyfisumsóknir eru nú rafrænar, önnur verkefni í mótun.



# Iceland Innovation Week 2024

- Málþing undir nafninu **Nýsköpun fyrir fólk** sem var einn besti sótti viðburður hátíðarinnar.
  - Fjallað um hvernig við gerum þjónustu borgarinnar ennþá notendamiðaðri, faglegri og skilvirkari með hjálp nýsköpunar og stafrænna lausna. Um leið vörpuðum við upp siðferðislegum spurningum sem þarft er að eiga samtál um á þessum umbreytingatímum.
- Kynningarbás á **Grósku-take-over**
  - Á básnum var hægt að ræða við starfsmenn borgarinnar og fræðast um nýsköpun hjá borginni og hvernig stutt er við nýsköpunarsamfélagið. Eitt af meginmarkmiðunum var sýnileiki.
- Nýsköpunarnámskeið **Ferðalag notandans**
  - Starfsmönnum bauðst að skoða þjónustu sem þau inna af höndum með augum notandans og greina sársaukapunkta eða flöskuhálsa í ferlinu. Mikill áhugi og námskeiðið uppbókað.




## Hvað getum við gert?

Breytum leiknum!

- Hvernig við skipuleggjum og veitum þjónustuna
- Velferðartækni breytir leiknum!
- Efla grunnstoðir
- Fyrirbyggjandi aðgerðir í stað þess að bregðast við









# Iceland Innovation Week 2024

- Hátíðin með örlítið breyttu sniði
- Hátíðarsvæði í kringum Kolaportið/Tryggvagötu
- Vilja auka sýnileikann
  - Vilja vera meira sýnileg í borgarlandinu
  - Ætla að setja aukinn fókus á innlenda fréttamiðla
  - Það verða viðburðir alla vikuna
- 14. maí – Investor day
- 15. maí – Takeover day
- 16. maí – Ok, bye climate summit
  - Þema: Úrgangur





# 3

## Fleiri stoðir verðmætasköpunar

- > Byggja upp nýsköpunar- og þekkingarkjarna
- > Efla innlent og alþjóðlegt samstarf um nýsköpun og rannsóknir
- > Tryggja mannauð fyrir góðar hugmyndir

1. Vinna áfram með hagaðilum að þróun þekkingar- og nýsköpunarkjarna í Miðborg, Vatnsmýri, Gufunesi og Álfsnesi.



Vinna í gangi við öll þróunarverkefni. Skýrsla með fýsileikagreiningu fyrir Hringrásargarð í Álfsnesi var t.a.m. kynnt í borgarráði í síðustu viku.

2. Móta framtíðarumgjörð um rannsóknar- og nýsköpunarsamstarf Reykjavíkurborgar.



Alþjóðateymið tekur nú þegar átt í fullstyrktum alþjóðlegum verkefnum. Til að hafa starfið markvissara hefur teymið mótað aðgerðaáætlun með helstu áherslum fyrir styrkumsóknir næstu ára. Aðgerðaáætlun mótuð á grunni nýrrar úttektar sem stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála HÍ vann fyrri SBB. Aðgerðaáætlun verður kynnt fyrir helstu hagaðilum.

3. Móta verklag um aðkomu Reykjavíkurborgar að frumkvöðla- og þekkingarsetrum og með hvaða hætti borgin tekur þátt í klasastarfsemi.



Reykjavíkurborg tekur þátt í klasasamstarfi þar sem klasinn óskar þess og kostnaður þykir eðlilegur. Á árinu 2023 bættust Ferðaklasi og Fjártækniklasi við sem samstarfsaðilar en áður var Reykjavík þátttakandi í klasastarfi Orkuklasa. Nú styður Reykjavík við þessa þrjá klasa með mánaðarlegum framlögum og virkri þátttöku í þeirra verkefnum og viðburðum. Verklag varðandi frumkvöðla- og þekkingarsetur verður unnið 2024.



# 4

## Sögur úr borginni

- > Innlend markaðssetning
- > Alþjóðleg markaðssetning

1. Vinna að kynningarefni fyrir Reykjavíkurborg sem „skapandi, græn borg“: Leggja áherslu á skapandi lausnir Reykjavíkurborgar á áskorunum samtímans þar sem einstaklingar hafa tækifæri til að vaxa og dafna í lýðræðislegu samfélagi.
2. Vinna nýtt kynningarefni sem vekur athygli á Reykjavík sem borg til að heimsækja, búa, læra, starfa og skapa.



Myndbönd voru unnin fyrir Nýsköpunarviku um nýsköpunarverkefni borgarinnar. Markaðsfélagið Miðborgin Reykjavík útbjó einnig kynningarefni.



Reykjavík Science City gerði myndskreið af byggingum á Vatnsmýri og sérstaklega Grósku með áherslu á lifandi samfélag nýsköpunar og tækni. Auk þess voru herferðir keyrðar á samfélagsmiðlum, viðburðir sóttir erlendis og boðið í 3 blaðamannaferðir og 9 fjárfestaviðburði. Markaðsverkefnið er unnið af Íslandsstofu í samráði við Reykjavíkurborg og aðra hagaðila og snýr að því að laða fólk, fjármagn og fyrirtæki í Vatnsmýrina.



# 5

## Grænn vöxtur

- > Hvetjum og styðjum græn nýsköpunarverkefni
- > Eflum hringrásarhagkerfið
- > Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda
- > Fjölum tækifærum nálægt sjálfbærum samgöngum

1. Styðja við nýsköpunarverkefni, hraðla og þekkingarsetur á sviði grænnar nýsköpunar.



Sjá yfirlit yfir samstarfssamninga vegna nýsköpunar.



# Yfirlit yfir samstarfssamninga vegna nýsköpunar og klasasamstarfs

- **HRINGIÐA OG GULLEGGIÐ**  
Samningsaðili: KLAKE-Icelandic Startups  
Samningur til tveggja ára (2024-2025)  
10 milljónir á ári í Hringiðu  
2,5 milljónir á ári í Gulleggið
- **SNJALLRÆÐI**  
Samningsaðili: Höfði Friðarsetur  
Gildir í tvö ár (2022-2023) – ath. samningur að renna út. Fyrsti fundur hefur verið haldinn vegna óskar frá Háskóla Íslands um endurnýjun samnings.  
10 milljónir á ári fyrir samfélagshraðalinn Snjallræði
- **FAB LAB**  
Unnið að nýjum samningi þar sem núverandi samningur er að renna út. Nýr samningur er á tröppunum. Beðið eftir síðustu viðbótum frá mennta- og barnamálaráðuneytinu og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu.  
Síðasti samningur samþykktur 11. mars 2021 sem gildi í 3 ár (2021-2023)  
Lagt til í nýjum samningi að borgin greiði 16,5 milljónir á ári alls 49,5 milljónir kr.  
Greitt af kostnaðarstað R3400 - verkefni F3485 hjá velferðarsviði.
- **ICELAND INNOVATION WEEK**  
Samningur gildir í tvö ár – 2023-2024  
Styrkur 2,5 milljónir á ári, alls 5 milljónir
- **NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA**  
Samningur við Rannsóknarmiðstöð Íslands  
Samþykkt 30. nóvember 2023  
Gildir 2024-2026  
Styrkur 15 milljónir á ári alls 45 milljónir.
- **VÍSINDAÞORPIÐ Í VATNSMÝRINNI**  
Samningur við Íslandsstofu, Landspítala, HÍ, HR og Vísindagarða  
Samþykkt í mars 2021  
Gildir í fimm ár (2021-2025)  
Styrkur 10 milljónir á ári alls 50.000.000 kr.
- **KLASAR**
  - Orkuklasi 46.000 kr. á mánuði
  - Fjártækniklasi – 10.000 kr. á mánuði – (verið að leiðrétta aðildarsamning skv. vísitölu sem á eftir að skrifa undir).
  - Ferðaklasi – 10.000 kr. á mánuði
  - Alls: 792.000 kr. á ári.



# 6

## Engin skilin eftir

- > Virkjum hæfileika allra
- > Fögnum fjölbreytileikanum
- > Tryggjum mannréttindi allra á vinnumarkaði

1. Hanna umsóknarferlar um verkefni og styrki svo tækifæri skapist fyrir alla og allir eigi jafna möguleika.
2. Tryggja að þátttakendur í verkefnum sem eru styrkt eru af Reykjavíkurborg endurspegli fjölbreytileika reykvíssks samfélags.



Ný styrkjagátt var tekin í notkun árið 2023 með meira leiðbeinandi upplýsingum sem auðvelda fólki að skila inn góðum umsóknum. Gáttin auðveldar líka að fylgjast með kyngreindum upplýsingum um styrkhafa og þau sem njóta þeirra verkefna sem eru styrkt.

Styrkjagáttin styður við yfirsýn í þessum málaflokki og eykur gagnsæi. Viðvarandi verkefni.



# 7

## Framundan Aðgerðir 2024

1. Stuðla að því að fjölga fyrirtækjum og frumkvöðlaverkefnum einstaklinga af erlendum uppruna í Reykjavík.
2. Búa til hvata fyrir fyrirtæki til að auka aðgengi fyrir alla.
3. Hlúa að umhverfi nýsköpunar, lista og menningar í öllu skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar með áherslu á samfélagslega nýsköpun og framsæknar lausnir þegar kemur að inntaki náms og starfsaðferðum.
4. Stuðla að því að fjölga fyrirtækjum og frumkvöðlaverkefnum einstaklinga af erlendum uppruna í Reykjavík.
5. Skipuleggja lóðir fyrir hringrásargarð á Álfsnesi.
6. Byggja 10.000 m<sup>2</sup> af grænu húsnæði í Reykjavík.
7. Gera loftlagssamning við fyrirtæki í Reykjavík um þær aðgerðir og fjármagn sem þau skuldbinda sig til að framkvæma svo draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda og ná markmiðum um kolefnishlutleysi í Reykjavík 2030.
8. Þróa atvinnutækifæri við lykilstöðvar Borgarlínu og innan hverfa samhliða gerð hverfisSKIPULAGS.
9. Vinna áfram með hagaðilum að þróun þekkingar- og nýsköpunarkjarna í Miðborg, Vatnsmýri, Gufunesi og Álfsnesi.
10. Búa til fyrstu 10 ára innviðaaáætlun borgarinnar sem verður samþykkt með fjárhagsáætlun borgarinnar haustið 2024.